

# Japan: 21. öldin

## Leiðbeiningar fyrir kennara



Úr þáttaröðinni  
„Landafræði á heimsvísu“

28 mínútna löng fræðslumynd  
á vef ætluð nemendum á  
mið- og unglingastigi grunnskóla.



Japan: 21. öldin

© 2013 BENCHMARK MEDIA

© 2013 Þýðandi Gunnar Hrafn Jónsson

© 2013 mynd á forsiðu © Wikipedia

Ritstjóri: Sigrún Sóley Jökulsdóttir

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2013

Námshagstofnun

Kópavogi

Umbrot og útlit: Námshagstofnun



Námshagstofnun

08937

## Að koma nemendum í skilning um eftirfarandi atriði um Japan:

- Landslagið er mótað af eldvirkni og eldfjöllum, loftslagið er fjölbreytt, bændur stunda þaulræktun á takmörkuðu landsvæði og landið er ákaflega iðnvætt.
- Þjóðin er mjög einsleit hvað varðar kynþætti og menningu. Læsi er almennt og mjög þéttbýlt er á eyjunum.
- Japan var einangrað undir lénsskipulagi í 700 ár. Þjóðin hóf síðan innrás í Asíu sem endaði með miklum hörmungum í lok seinni heimsstyrjaldar og landið var lagt í rúst. Eftir það voru teknir upp lýðræðislegir stjórnarhættir og japanska efnahagsundrið hófst. Í dag er japanska hagkerfið það þriðja stærsta í heiminum.
- Japanar hafa langa og ríka menningarhefð sem gegnsýrir samfélagið og mótar það enn þann dag í dag. Þessar hefðir hafa þó í sumum tilvikum runnið saman við vestræna menningu og tekið breytingum.

## Áður en horft er á myndina

1. Biðjið nemendur um að finna Japan á korti.
  - a. Hversu langt er frá Íslandi til Japans? Fjórar stærstu eyjarnar, og flestar þeirra þúsunda sem liggja í kring, urðu til í eldgosum rétt eins og Ísland. Þær eru á sömu breiddargráðu og austurströnd Bandaríkjanna.
  - b. Bendið nemendum á Eldhringinn svokallaða “Ring of Fire” sem nær í kringum stóran hluta Atlantshafsins og veldur eldvirkni í Japan og víðar.
  - c. Bendið nemendum á eftirfarandi staði sem talað er um í myndbandinu: Fjórar stærstu eyjar Japans (Hokkaido, Honshu, Shikoku og Kyushi), Síberíu í Rússland, Mansjúríu í Kína, Kóreu og japönsku borgirnar Kobe, Tókýó, Utsonomiya, Kyoto og Nara.
2. Berið saman landslag og loftslag Japans við austurströnd Bandaríkjanna sem liggur á sömu breiddargráðu.
3. Skoðið þéttleika byggðarinnar á kortum og bendið á að nánast öll þjóðin býr á einum áttunda af landsvæðinu. Það eru litlir dalir og láglendi við strendurnar þar sem hægt er að stunda landbúnað og byggja. Allt í kring er fjallendi og hraun.
4. Biðjið nemendur um að útbúa lista yfir það sem tengist japanskri menningu sem þau þekkja. Sem dæmi má taka mat (japanskan og asískan mat almennt), íþróttir (t.d. bardagalistir á borð við judo og karate), áhugamál (t.d. garðyrkja), tungumál, tónlist og trúarbrögð. Hvernig væri daglegt nemenda öðruvísi ef þeir hefðu aldrei orðið fyrir áhrifum frá öðrum menningarheimum?
5. Ræðið hvaða áhrif eftirfarandi þættir hafa á hvernig fólk lifir og stundar atvinnu þar sem þið búíð: landslag og veðurfar, verslun og viðskipti (t.d. útflutningur), landbúnaður, samgöngur og samskiptatækni.
6. Hvaða breytingar hafa orðið í okkar samfélagi nýlega vegna nýrrar samskiptatækni? Er það mismunandi eftir landshlutum? Biðjið nemendur að hafa í huga, þegar þeir horfa á myndbandið, hvaða áhrif samskipti við Vesturlönd og vestræna menningu hafa á Japana og þeirra menningu.

## Innihald myndarinnar

Nauðsynlegt er að skoða land og sögu Japana til að skilja hvernig þjóðin fór frá því að vera einangrað bændasamfélag undir lénsskipulagi, varð rjúkandi rústir eftir seinni heimsstyrjöldina, en varð síðan um tíma annað stærsta hagkerfi heims (Kínverjar hafa farið fram úr þeim síðan þessi mynd var gerð en Japan er í þriðja sæti).

Fjórar stærstu eyjar Japan eru Hokkaido, Honshu, Shikoku og Kyushi. Mörg þúsund minni eyjar liggja þar í kring og er eyjaklasinn á nánast sömu breiddargráðu og austurströnd Bandaríkjanna frá Maine til Flórída. Loftslag er breytilegt eftir stöðum; fyrir norðan er rakt meginlandsloftslag en syðst er rakt heittemprað loftslag.

Eldhringurinn, eða Kyrrahafselldhringurinn, er virkt eldfjallasvæði sem nær í kringum mest allt Kyrrahaf og veldur tíðum jarðskjálftum í Japan og víðar. Árið 1995 reið snarpur jarðskjálfti yfir borgina Kobe á Honshu eyju. Hann mældist 7,2 að styrkleika, varð meira en sex þúsund manns að bana og olli gríðarlegum skemmdum.

Aðeins einn áttundi af landsvæði Japans telst vera ræktanlegt land og það eru helst dalir og láglandi meðfram ströndunum. Engan búskap er hægt að stunda í fjallendinu. Ofuráhersla er lögð á ræktun hrísgrjóna sem er uppistaðan í mataræði landsmanna og prótein fá þeir helst úr sjávarfangi. Samt sem áður þurfa Japanar að flytja inn helming af allri matvöru sem þeir neyta, landið ber ekki þá matvælaframleiðslu sem þarf til að brauðfæða þjóðina.

Japanar komust snemma í tengsl við kínverska og kóreska menningu. Þaðan fengu þeir ýmsa dýrmæta vitneskju um landbúnað og kynntust um leið hugmyndum heimspekingsins Konfúsíusar. Af Kínverjum lærðu þeir einnig að skrifa með myndletri og tóku upp mörg kínversk ták og aðlöguðu þau að japönsku máli. Þá ber að nefna búddisma sem einnig kemur frá meginlandi Asíu og hafði mikil áhrif á japanska menningu. Búddisminn rann að vissu leyti saman við forn shinto trúarbrögð Japana. Í dag er innan við eitt prósent Japana kristinnar trúar.

Þar sem landið var að mestu einangrað í 700 ár, allt þar til um miðja nítjándu öld, myndaðist þar mjög einstæð menning og sterk þjóðerniskennnd. Meðal þeirra hefða sem urðu til má nefna bushido sem eru einskonar siðareglur samúræja stríðsmanna en þeir skipuðu mikilvægan sess í japönsku samfélagi öldum saman. Megininntakið í bushido er að bera virðingu fyrir hefðum og sýna leiðtogum óbilandi hollustu og trygð. Þessi gildi hafa enn mikil áhrif á stjórnámál og viðskiptalíf Japans í dag.

Þingbundið lýðræði er í Japan en keisarinn er ták þjóðarinnar og ríkisins. Þinginu er skipt í tvær deildir. Stjórnarskrá landsins var endurskrifuð eftir seinni heimsstyrjöldina og bannar hernaðaruppbyggingu en leyfir erlendar (bandarískar) herstöðvar á japanskri grundu. Vera bandarískra hermanna í landinu verður hins vegar sífellt umdeildari.

Alþjóðaviðskipti eru Japönnum lífsnauðsynleg. Þeir flytja inn helming af sínum matvælum og útflutningur á raftækjum, bílum og öðru er lífæð hagkerfisins.

Pláss er af svo skornum skammti vegna fjallendis að allt virðist hafa verið minnkað niður. Fólksbílar eru litlir, vöruflutningabílar eru litlir, götur eru þröngar og menn búa þröngt. Til að leysa samgönguvandamál eru borgirnar tengdar saman með háhraðalestum og í stærri borgum eru öflug jarðlestakerfi.

Saga fjölskyldan býr í Utsonomiya, sem er í tæplega hundrað kílómetra fjarlægð frá höfuðborginni Tókýó. Þessi fimm manna fjölskylda býr í dæmigerðu húsi í úthverfi, það er um 115 fermetrar. Sambærilegt meðalheimili fyrir fimm manna fjölskyldu í Bandaríkjunum er tvöfalt stærra. Japanar komast hjá plássleysinu með því að margnýta hvert herbergi. T.d. er hægt að sitja og borða í setustofu á daginn en breyta henni í svefnherbergi fyrir nóttina.

Foreldrar og kennarar leggja þunga áherslu á nám yngri kynslóðarinnar og ungt fólk tekur námið almennt mjög alvarlega. Þrátt fyrir að þeir virði hefðir foreldra sinna vilja margir ungir Japanar öðlast meira frelsi til að skapa sinn eigin stíl og t.d. hlusta á vestræna tónlist.

Hefðbundin japönsk gildi gegnsýra enn samfélagið. Áhrifin má sjá í formlegum listigörðum, árlegum trúarhátíðum og hefðbundnu handverki. Hefðir á borð við formlegar tedrykkjuat-hafnir hafa bæði félagslega og fagurfræðilega þýðingu. En kaffiþorsti Vesturlandabúa hefur einnig smitað Japana og nú til dags má víða sjá Starbucks kaffihús og vestræna skyndibita-staði.

Bardagaíþróttir eru kenndar í skólum en bandaríska íþróttin hafnabolti nýtur mikillar hylli og enska er kennd í gagnfræðiskóla. Almennt er enskukunnátta þó ekki góð, enda er hljóð-kerfi japönsku mjög ólíkt germönskum tungumálum.

Í upphafi tuttugustu og fyrstu aldar er Japan efnahagslegt stórveldi og yngri kynslóðin er mun opnari fyrir vestrænni menningu og áhrifum en foreldrarnir.

## EFTIR AÐ MYNDBANDIÐ HEFUR VERIÐ SÝNT

1. Ræðið um eftirfarandi atriði: landslag, loftslag, hefðbundin menningarleg gildi, almennt læsi og einsleitni japönsku þjóðarinnar. Hvað af þessu er líkt því sem við þekkjum á Íslandi og hvað er ólíkt?
2. Hverjar eru helstu ástæður fyrir miklum efnahagsuppgangi í Japan eftir seinni heimsstyrjöldina allt fram á síðasta áratug tuttugustu aldar? (Þar var mikið af fagmenntuðu vinnuafla með hefð fyrir vinnusemi, samhljóðan og virðingu fyrir yfirvaldi. Atvinnuöryggi var þar að auki mikið, ekki síst af menningarlegum ástæðum.)
3. Hverjar eru helstu ástæður þess að japanska hagkerfið staðnaði eftir margra áratuga hagvöxt? (Áhættusöm viðskipti með jarðir komu fjárfestum í koll, samband banka og fyrirtækja við stjórnvöld var of náíð, skortur var á pólitískum vilja til að láta banka og fyrirtæki verða gjaldþrota eða renna saman þrátt fyrir mikið tap. Þetta eru í raun sömu gildi – tryggð og virðing fyrir hefðum – sem höfðu gefist svo vel þegar betur áraði.
4. Skiptið bekknum í tvo hópa. Í öðrum hópnum er miðstéttarfolk úr viðskiptalífinu sem býr í Tókýo, í hinum er handverksfolk úr úthverfum sömu borgar. Biðjið nemendur um að útbúa stutta kynningu á dæmigerðum degi í lífi þessara hópa. Berið síðan saman við lífið á Íslandi.
5. Biðjið nemendur að skipuleggja ferð til Tókýo og Kýótó. Notið kort, ferðamanna-bæklinga, internetið, bækur og blaðagreinar og myndina sjálfa. Hvert myndu þau vilja ferðast í Japan? Hvaða staðir eru áhugaverðastir? Hvað væri skemmtilegast að sjá, gera eða kaupa? Hvernig mat myndu þau búast við að fá á dæmigerðum veitingastað og á hverju myndu gestirnir sitja? Á hvaða árstíma væri best að fara til Japans, hvernig fatnað ætti maður að hafa meðferðis og hvernig er landslagið?
6. Hver ætli sé fyrsti algengi siðurinn sem ferðalangar taka eftir þegar þeir koma til Japan? (Allir hneigja sig í sífellu. Lyftuverðir hneigja sig fyrir farþegum og þeir hneigja sig til baka. Strax á flugvellingnum og á rútu- og lestarstöðvum má sjá fólk votta virðingu með þessum hætti við allar mögulegar aðstæður.)
7. Ef Japan er í heimsfréttunum af einhverjum ástæðum mætti fá nemendur til að ræða atburðina, klippa jafnvel út greinar úr blöðum og ræða þær. Gott er að tengja atburði líðandi stundar við heildarmyndina hvað varðar stjórnámál, efnahagsmál og annað sem varðar Japan til lengri tíma lítið.